

Efni: Áform um atvinnustefnu Íslands til 2035 (Mál nr. S-144/2025)

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) þakka fyrir tækifæri til að veita áformum stjórnvalda um atvinnustefnu til ársins 2035 umsögn. Samtökin lýsa um leið yfir ánægju með áherslu stjórnvalda á vöxt og aukna verðmætasköpun til framtíðar.

SFF vilja með umsögninni benda á nokkra þætti er snúa að þeirri umgjörð sem mörkuð hefur verið um fjármálaþjónustu hér á landi og hvernig fjármálaþjónusta getur stutt við markmið stjórnvalda.

Hugað sé að samkeppnishæfni innlendrar fjármálaþjónustu

Á Íslandi eru til staðar umtalsverð tækifæri til að bæta lífskjör þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda, uppbyggingu innviða, húsnæðisuppbyggingar, sem og til framþróunar atvinnuvega, þar með talið útflutningsatvinnugreina. Ein forsenda þess að slík uppbygging takist vel til er *skilvirk miðlun fjármagns til hagkvæmustu nota*, sem er eitt af meginhlutverkum fjármálaþjónustu í efnahagslífinu.

Því skiptir miklu að stjórnvöld á hverjum tíma hugi að *samkeppnishæfni* og *starfsskilyrðum* fjármálafyrirtækja og fjármálamarkaða hérlandis. Mikilvægt er að til staðar sé geta til þess að styðja við atvinnulífið til áframhaldandi sóknar að bættum lífskjörum.

Öflug innlend fjármálafyrirtæki skipta miklu fyrir efnahagslegt sjálfstæði Íslands enda hefur reynslan sýnt að erlendar fjármálastofnanir halda oftari en ekki að sér höndum gagnvart smærri mörkuðum á borð við þeim íslenska á óvissutímum.

Jafnframt er brýnt að almenna reglan sé að *miðlun fjármagns fari fram á markaðslegum forsendum* nema þeim mun veigameiri rök hnígi að sérstökum stuðningi stjórnvalda, til að mynda vegna verulegs markaðsbrests. Þó margt hafi tekist vel í framþróun efnahagsmála á Íslandi á undanförunum árum og áratugum geymir hagsaga Íslands fjölmörg dæmi um að stjórnvöld hafi beint fjármagni í farvegi sem stuðluðu þegar uppi var staðið að óhagkvæmari notkun framleiðslupátta og lakari lífskjörum en ella. Því fer best á að stjórnvöld stuðli að vexti og viðgangi atvinnuvega með *almennum og skýrum leikreglum á jafnræðisgrundvelli*.

Þannig skiptir miklu að innlend fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðir búi við starfsskilyrði svo þau séu samkeppnishæf um skilvirka miðlun fjármagns. Í þessu samhengi hefur verið bent á að innlend fjármálafyrirtæki búa við ýmsar íþyngjandi álögur og kröfur umfram nágrannaríki Íslands. Þar má nefna *háa sértæka skatta*¹, *háar eiginfjárkröfur* og *háa óvaxtaberandi bindiskyldu*, sem ásamt náttúrulegu smæðaróhagræði, stuðla að svokölluðu *Íslandsálagi*.² Við þetta bætist *íþyngjandi*

¹Áætlað hefur verið að skattgreiðslur íslenskra banka séu tvö til þrefalt hærri en að meðaltali í ESB sé miðað við skatta í hlutfalli við áhættuvegnar eignir. Þá var ein meginröksemdin fyrir hinni upphaflegu skattlagningu að um tímabundið úrræði væri að ræða sem síðan hefur fests í sessi.

² Sjá umfjöllun um Íslandsálag í *Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið (2018)* og skýrslu Intellecton um *Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi (2024)*.

gullhúðun Evrópureglna um fjármálastarfsemi.³ Mikilvægt er að stjórnvöld á hverjum tíma vegi saman kostnað og ábata af þessum íþyngjandi kvöðum á fjármálaþjónustu hér á landi.

Þannig sýndi skýrsla sem ráðgjafafyrirtækisins Intellecon vann fyrir SFF á síðasta ári að svokallað Íslandsálag, sem samanstendur m.a. af háum kröfum um eigið fé, hárri sértækri skattlagningu og óvaxtaberandi bindiskyldu, er talið nema allt að 0,96% til 1,15% prósentustigum í útlánsvöxtum. Tekið var fram að hlutfallið geti verið breytilegt yfir tíma, milli tegunda lána og þá væri ákvörðun um kjör ávallt sjálfstæð ákvörðun hvers lánveitenda fyrir sig. Kenningar hagfræðinnar segja að kostnaðurinn af þessum kröfum skiptist í einhverjum hlutföllum milli viðskiptavina og hluthafa innlendra fjármálafyrirtækja, sem í báðum tilfellum eru að verulegu leyti beint og óbeint íslenskur almenningur.

Framleiðni vaxið hraðast innan fjármálaþjónustu

Í drögum stefnunnar segir að meðal markmiða sé að fjölga vel launuðum störfum, auka framleiðni og styðja verðmætasköpun og sjálfbæran vöxt atvinnuvega til framtíðar. Í því samhengi má benda á að vel hefur tekist til á sviði fjármálaþjónustu að *auka framleiðni* og skapa *vel launuð störf*.

Nýleg greining Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sýnir að *framleiðni vinnuafls hér á landi óx mest innan fjármála- og váttryggingastarfsemi* árin 2014-2023 meðal innlendra atvinnugreina. Þá áætla AGS að *framleiðni vinnuafls í fjármála- og váttryggingastarfsemi sé nærri þreföld* á við meðalframleiðni á íslenskum vinnumarkaði.⁴ Miklu skiptir að leitast sé við að þessi þróun haldi áfram, en það kann að vera áhyggjuefni að framleiðni vinnuafls í fjármála- og váttryggingastarfsemi hefur undanfarin tvö ár lækkað á ný, samkvæmt gögnum Hagstofunnar.

Að nokkru leyti má skýra vöxt framleiðni með *farsælum fjárfestingum í stafrænum lausnum*, sem hafa í senn bætt þjónustu til viðskiptavina fjármálafyrirtækja, stuðlað að auknum hreyfanleika neytenda og lækkað þröskulda fyrir nýja aðila inn á fjármálamarkaði. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa þótt vera í fremstu röð á sviði þróunar og innleiðingar stafrænna lausna enda hafa orðið *til verðmætar hugbúnaðarlausnir* innan fjármálaþjónustu á Íslandi sem náð hafa útbreiðslu alþjóðlega.

Áfram má vænta þess að tækifæri verði til þess að auka framleiðni og bæta þjónustu fjármálafyrirtækja með nýjum tæknilausnum, til að mynda með hagnýtingu gervigreindar.

Á móti vega hins vegar ýmsar *íþyngjandi og kostnaðarsamar kröfur sem lagðar eru á innlend fjármálafyrirtæki*, en að óbreyttu er fram undan margvísleg og umfangsmikil innleiðing EES-reglna um fjármálastarfsemi.

Fylgst verði með alþjóðlegri þróun og talað fyrir hagsmunum Íslands

Samtökin fagna því að stjórnvöld boði *virka hagsmunagæslu* með hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa að mestu eftir samevrópskri löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins. Aðgangur að innri markaði EES-svæðisins skiptir íslensk fjármálafyrirtæki miklu máli. Þá er vönduð umgjörð og lagasetning um fjármálastarfsemi grundvallaratriði að skilvirkri og traustri fjármálaþjónustu.

³ Sjá [24 ábendingar SFF til starfshóps um gullhúðun EES-reglna \(2024\)](#).

⁴ Sjá [Stöðuskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um Ísland \(2025\)](#).

Brýnt er að hugað sé að *vandaðri og tímanlegri innleiðingu EES-tilskipana og reglugerða* um fjármálastarfsemi með þeim hætti að almenningur og fyrirtækin í landinu séu upplýst tímanlega þegar um breytingar á löggjöf og þegar um nýja löggjöf er að ræða þannig að nægt svigrúm gefist til aðlögunar.

Að sama skapi kallar hið *umfangsmikla regluverk* sem sett hefur verið á sviði fjármálaþjónustu á *ýmsar áskoranir* fyrir fámenn ríki á borð við Ísland, hvort sem er fyrir íslensk fjármálaþjónustakjör, sem eru afar smá í alþjóðlegu samhengi, viðskiptavinum þeirra eða stjórnvöld.⁵ Því er mikilvægt að við innleiðingar og breytingar laga og reglna sé horft til *hlutfallsreglu* (e. *Principle of proportionality*) þegar við á til að *tryggja að Ísland búi ekki við strangari ramma en þörf krefur*.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið boðuð stefna um *einföldun regluverks* er snýr að fjármálaþjónustu og mikilvægt er að íslensk stjórnvöld styðji við þá þróun og bendi á hagsmuni Íslands í þessu samhengi. Jákvæð skref í þá veru hafa verið stigin með sameiginlegum bréfum forstjóra fjármálaeftirlita og skilavalds á Norðurlöndunum, þar með talið Seðlabanka Íslands, til evrópskra eftirlitsstofnana.⁶

Frekari tækifæri til að bæta skilvirkni í opinberri stjórnsýslu

- Jákvætt er að stjórnvöld stefni áfram að því að auka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu. Dæmi um vel heppnað verkefni á því sviði eru rafrænar þinglýsingar. SFF benda þó á að ávinningur verkefnisins hafi enn ekki skilað sér að fullu til neytenda og atvinnulífs. Tækifæri eru til að bæta úr því með lagabreytingu er snýr að *rafrænum skuldaviðurkenningum*, sem ættu að skila talsverðum *þjóðhagslegum ábata með aukinni skilvirkni og auknu hagræði fyrir lánþega*.⁷
- Þá kunna að vera tækifæri fyrir stjórnvöld að kanna hvort yfirfæra megi eitthvað af þeim stafrænu lausnum sem nýst hafa vel innan fjármálaþjónustu yfir á opinbera þjónustu, til að mynda í samskiptum borgaranna við hið opinbera.

Sérmenntað starfsfólk, fjármálalæsi og íslenskt menntakerfi

- Umbreyting og aukið framboð stafrænna lausna á sviði fjármálaþjónustu hefur leitt af sér að samsetning starfa innan fjármálaþjónustakjara hefur tekið breytingum þar sem hlutfall *hámenntaðra sérfræðinga hefur hækkað*, til að mynda tæknimenntaðra starfsmanna. Vænta má þess að ýmsir kraftar leiði af sér að sú þróun haldi áfram.
- Mikilvægt er að *Íslenskt menntakerfi fylgi kalli tímans og lagi sig að því að styðja einstaklinga og atvinnulífið* fyrir störf framtíðarinnar. Einnig að leitast sé við að *stuðla að greiðu aðgengi erlendra sérfræðinga* til landsins eftir því sem við á.

⁵ Í skýrslu Intellecton *Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi (2024)* er áætlað að um 80-100 ársverk fari í innleiðingu tengdum laga- og reglubreytinga hjá íslenskum fjármálaþjónustakjörum á ári og þar að auki fari um 50-60 ársverk í skýrsluskrif og upplýsingagjöf til opinberra eftirlitsaðila.

⁶ Sjá *Joint letter on single rulebook (2024)* og *Nordic Resolution Authorities letter on simplification (2025)*.

⁷ Lagabreyting myndi m.a. heimila rafræna undirritun lánasamninga og þar með útrýma þörf lántaka á að gera sér ferð í lánastofnun til að skrifa undir útprentaðan lánssamning með tilheyrandi óhagræði. Sjá umsögn SFF við Mál nr. S-1/2025, *Verum hagsýn í rekstri ríkisins*, í samráðsgátt stjórnvalda: „*Rafrænar skuldaviðurkenningar: Þjóðhagslegur ávinningur rafrænna þinglýsinga náði alla leið*“ og *umsögn SFF um frumvarp um málið 2023*.



Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu

- Heilbriggt *fjármálalæsi neytenda* er eitt af lykilforsendum farsællar ákvörðunartöku í persónulegu fjármálum. SFF hafa um langa hríð gert það sem er á valdi samtakanna til að stuðla að því að efla fjármálalæsi, m.a. með því að gefa kennurum og nemendum í grunn- og framhaldsskólum námsefni og um 19.000 óháðar kennslubækur á sviði fjármálalæsis. Samtökin hafa um leið hvatt stjórnvöld til að gera *fjármálalæsi hluta af skyldunámi* hér á landi, þannig að leitast sé við að tryggja að allir nemendur fari út í lífið með það veganesti að geta tekið upplýstar ákvarðanir í eigin fjármálum, enda er það í samræmi við ráðleggingar OECD til aðildarríkja um stefnu í fjármálalæsi.⁸

Samantekt

- SFF vilja undirstrika að *öflug, samkeppnishæf fjármálaþjónusta* og *skilvirk miðlun fjármagns* eru lykilforsendur þess að atvinnustefnan nái markmiðum um aukna framleiðni, verðmætasköpun og vel launuð störf. Samtökin hvetja til að á hverjum tíma sé hugað að *samkeppnishæfni og starfsskilyrðum innlendrar fjármálaþjónustu* með tilliti til þess að álögur á hana séu ekki meiri en gerist og gengur annars staðar.
- *Íslensk fjármálafyrirtæki skapa vel launuð störf* bæði beint í tilfelli starfsmanna þeirra og óbeint með því að sinna þörfum íslensks atvinnulífs, en *hvers kyns álögur draga úr svigrúmi til áframhaldandi sköpunar slíkra starfa*.
- Mikilvægt er að ákvarðanir stjórnvalda stuðli að því að miðlun fjármagns, bæði í gegnum fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaði, til atvinnulífsins fari fram á *markaðslegum forsendum* nema fyrir liggi verulegur markaðsbrestur.
- Brýnt er að *innleiðing EES-regluverks sé vönduð, tímanleg og vel kynnt*, auk þess að fylgst sé með alþjóðlegri þróun og talað skýrt fyrir hagsmunum Íslands.
- SFF *styðja áframhaldandi einföldun og stafræn umbótaverkefni í opinberri stjórnsýslu* og hvetja til þess að ávinningur þeirra skili sér til heimila og fyrirtækja, m.a. með lagabreytingu er snýr að rafrænum skuldaviðurkenningum.
- Loks leggja samtökin áherslu á að *menntakerfið* stuðli sem best að því að skapa þá fjölbreyttu sérfræðiþekkingu sem vaxandi atvinnustarfsemi mun kalla eftir á hverjum tíma. Þá verði kennsla í *fjármálalæsi* hluti af skyldunámi í samræmi við leiðbeiningar OECD.

Gangi þetta eftir eru allar forsendur fyrir því að *innlend fjármálaþjónusta geti áfram stuðlað að bættum lífskjörum og aukinni framleiðni* hér á landi.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samtals við stjórnvöld um málið.

**Með vinsemd og virðingu,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**

Heiðrún Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri SFF

Ingvar Haraldsson,
greininga- og samskiptastjóri SFF

⁸ Sjá [leiðbeiningar OECD til aðildarríkja um stefnu í fjármálalæsi](#).